



Samþykkt fyrir velferðarráð Akureyrar

Um verkefni velferðarráðs

1. gr.

Velferðarráð fer með stjórn félags- og velferðarmála í umboði bæjarstjórnar Akureyrarbæjar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

2. gr.

Velferðarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði félags- og velferðarmála Akureyrarbæjar. Ráðið fylgist með því að deildir og stofnanir á þess vegum vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

Hlutverk velferðarþjónustu Akureyrarbæjar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa Akureyrarbæjar. Velferðarráð leitast við að félagsleg þjónusta verði í samræmi við þarfir íbúa og að þeir hafi upplýsingar um þá velferðarþjónustu sem í boði er. Velferðarráð vinnur með öðrum opinberum aðilum svo og félögum, félagasamtökum og einstaklingum að því að bæta félagslegar aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu.

3. gr.

Helstu verkefni sem velferðarráð hefur yfirumsjón með eru:

- a) félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð við einstaklinga og fjölskyldur,
- b) stuðnings- og stoðþjónusta,
- c) málefni barna og unglinga, þar með talin farsældarþjónusta á öðru og þriðja stigi og barnavernd.
- d) þjónusta við aldraða,
- e) félagslegt leiguhúsnæði (stefnumótun, gjaldskrá og úthlutun),
- f) sérstakur húsnæðisstuðningur,
- g) þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Að auki fer velferðarráð með eftirfarandi verkefni: Samninga við sveitarstjórnir um ráðgjafarþjónustu og sameiginlegt þjónustuvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk. Akureyrarbær er aðili samningi um sameiginlega barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra ásamt Dalvíkurbyggð Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþingi, Svalbarðsstrandarhrepp, Tjörneshrepp og Þingeyjarsveit. Þessi tíu sveitarfélög mynda sameiginlega barnaverndarþjónustu og eru samningarnir gerðir með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022 þar sem fjallað er um umdæmi barnaverndarþjónustu og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Velferðarráð fer með stjórn ofangreindra málaflokka í umboði bæjarstjórnar í samræmi við ofangreinda samninga.

Hvorki bæjarstjórn, bæjarráði né velferðarráði er heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um

meðferð einstakra mála og er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar svo að velferðarráð geti sinnt hlutverki sínu.

4. gr.

Velferðarráð hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin og tilheyrandi reglugerðir setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) barnalög nr. 76/2003,
- b) barnaverndarlög nr. 80/2002. Velferðarráði er falin yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar en starfsfólk barnaverndarþjónustunnar fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 21. gr. í samþykktum þessum, en velferðarráð fer með stefnumótun þjónustunnar, almennan rekstur, starfsáætlun, rekstraryfirlit sem og fjárhagsáætlun.
- c) lög m samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021,
- d) lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að því marki sem einstök verkefni hafa ekki verið falin öðrum nefndum,
- e) lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018,
- f) lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra
- g) lög um húsnæðismál nr. 44/1998,
- h) húsaleigulög nr. 36/1994,
- i) lög um almennar íbúðir 52/2016,
- j) lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011
- k) önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum ráðsins.

5. gr.

Velferðarráð starfar í samræmi við

- a) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins svo sem reglur velferðarráðs Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð, reglur um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar, reglur um akstursþjónustu Akureyrarbæjar, reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Akureyrarbæjar, reglur um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa, reglur um notendasamninga, reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk, reglur um stuðningsfjölskyldur, reglur um skammtímadvöl og frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni og almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar, svo sem mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar og fl. sem er í gildi hverju sinni.

6. gr.

Velferðarráð getur veitt styrki til verkefna á verksviði þess í samræmi við Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar. Skulu slíkar styrkveitingar að jafnaði fara fram einu sinni á ári.

Um skipan velferðarráðs

7. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í velferðarráð til fjögurra ára og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Framboðslisti sem fulltrúa á

í bæjarstjórn en ekki í velferðarráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúa er heimilt að tilnefna varamann í forföllum sínum.

Með vísan til samnings Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgárbyggðar og Svalbarðsstrandahrepps um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlað fólk skulu sveitarfélögin, önnur en Akureyri, tilnefna sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundum velferðarráðs Akureyrarbæjar þegar til umræðu eru málefni fyrrnefnds samstarfssamnings. Þegar fyrir liggur að á dagskrá velferðarráðs Akureyrarbæjar er málefni samstarfsverkefnisins um þjónustu við fatlað fólk, þá skal áheyrnarfulltrúi aðildarsveitarfélaganna fá boð um fund á viðeigandi dagskrálið.

8. gr.

Formaður velferðarráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Velferðarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

10. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs situr að jafnaði fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt þegar málefni þeirra deilda/stofnana eru til umræðu.

Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál.

Um yfirstjórn málaflokka velferðarráðs

11. gr.

Bæjarstjóri ræður sviðsstjóra velferðarsvið að höfðu samráði við velferðarráð.

Sviðsstjóri velferðarsviðs ræður forstöðumenn sviðsins og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

12. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár. Velferðarráð mótar stefnu fyrir sína málaflokka í samræmi við stefnu og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þarf að samþykkja í bæjarráði.

Sviðsstjóri leggur fram í ráðinu tillögur að fjárhagsáætlunum málaflokka velferðarráðs sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

13. gr.

Formaður velferðarráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á. Sviðsstjóri velferðarsviðs ber ábyrgð á stjórnun og rekstri þeirra málaflokka velferðarráðs sem sviðsstjóri annast, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Um fundarsköp velferðarráðs

14. gr.

Um fundarsköp á fundum velferðarráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau dagskrármál sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í velferðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir velferðarráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Velferðarráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða velferðarráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur fundarmanna óskar eftir því með bókun. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarkerfi og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

15. gr.

Velferðarsvið leggur velferðarráði til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna, varamanna og áheyrnarfulltrúa sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn og starfsheiti starfsmanna sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer dagskrármála sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverjum dagskrárlið,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um dagskrárlið þar sem það á við og hvaða afgreiðslu dagskrármálið hefur hlotið,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir,
- h) atkvæðatölur ef formleg atkvæðagreiðsla hefur farið fram og atkvæði hafa ekki verið samhljóða.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og samþykkt munnlega af fundarmönnum. Fundargerðir eru undirritaðar og varðveittar rafrænt.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni. Þjónustu- og menningarsvið sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri velferðarsviðs sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í velferðarráði, um málalok.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna velferðarráðs og annarra fundarmanna

16. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna velferðarráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. og II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

17. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi velferðarráðs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu sbr. 42. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn ráðsins og aðra þá sem boðaðir eru á fund ráðsins.

Málsmeðferðareglur velferðarráðs

18. gr.

Við meðferð mála hjá velferðarráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Velferðarráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs sbr. stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum velferðarráðs áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun velferðarráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueimild og kærufrest.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

19. gr.

Velferðarráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Velferðarráð felur sviðsstjóra velferðarsviðs fullnaðarákvörðun um mál á starfssviði þeirra skv. 20. – 22. gr. Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu þessara mála

20. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir án staðfestingar velferðarráðs:

- a) umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um fjárhagsaðstoð, sbr. 5. gr. þessarar samþykktar,
- b) umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr 44/1998 og reglum um félagslegt leiguhúsnæði Akureyrarbæjar og undanþágur frá þeim,
- c) umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991,
- d) umsóknir um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra,
- e) umsóknir um stuðnings- og stoðþjónustu skv. reglum um stuðnings- og stoðþjónustu Akureyrarbæjar sbr. 5. gr. þessarar samþykktar,
- f) umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk,
- g) umsóknir um akstursþjónustu skv. reglum um akstursþjónustu á Akureyri sbr. 5. gr. þessarar samþykktar,
- h) önnur mál sem velferðarráð felur sviðsstjóra að afgreiða.

21. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra afgreiða án staðfestingar velferðarráðs mál sem varða könnun, meðferð og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald, sbr. samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og viðauki 2.8. með Samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar.

Endurupptaka máls

22. gr.

Eftir að velferðarráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um

málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

23. gr.

Aðila máls er heimilt að áfrýja stjórnvaldsákvörðunum starfsmanna samkvæmt 19. – 21. gr. til velferðarráðs. Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun velferðarráðs til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun ráðsins eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

24. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2024.

Samþykkt í bæjarráði 12. desember 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2024